

Ár 1995, miðvikudaginn 24. maí, var í málinu nr. 2/1995 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi 15. mars 1995 óskar Hrafnkell Ásgeirsson hrl. f.h. Elíasar Gíslasonar, Rannsóknarstofu Domus Medica sf., Viðars Halldórssonar og Þorvaldar Ásgeirssonar eftir úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar um það, hvort skylt sé að svara fasteignaskatti af eignarhlutum þeirra í fasteigninni Stórhöfða 17, Reykjavík sem nýttir eru af Skvassfélagi Reykjavíkur til íþróttá. Í bréfi kæranda segir m.a.:

"Um tekjustofna sveitarfélaga, þ.m.t. fasteignaskatta, gilda lög nr. 4 frá 30. janúar 1995.

Í 1. mgr. laganna er undantekningarlaust ákvæði um það, að undanþegin fasteignaskatti séu meðal annarra mannvirkja íþróttahús og gildi það sama um lóðir þeirra. - Ekki eru sett í greinina nein ákvæði um það, að ekki megi einkaaðilar eiga eða reka íþróttahúsin. Ekki eru heldur ákvæði um það, að húsin megi ekki vera rekin í ágóðaskyni.

Umbj.m. hafa ekki riðið feitum hesti frá rekstri þessara eignarhluta. Það var ljóst frá byrjun, að ekki væri hægt að koma með hagnað frá þessum rekstri. Það var áhætta hjá þeim að innrétta húsnæðið jafn dýrt og gert var. Skvassíþróttin var að fæðast á Íslandi. Hér var um að ræða hugsjónastarf hjá umbj. mínum. - Þessi eignahluti hefur verið rekinn með tapi frá upphafi.

Ég tel, að löggjafinn hafi haft það í huga við lögfestingu framangreindra ákvæða, að það væri til hagsbóta fyrir íþróttahreyfinguna í landinu, að íþróttahús væru undanþegin fasteignaskatti. Á þann hátt væri hægt að leigja húsin ódýrar og stuðla að fleiri íþróttastöðum. Ljóst er, að hið opinbera hefur ekki endalausa peninga til þess að reisa íþróttahús, skóla, kirkjur og fleiri mannvirki. - Með því að létta opinberum gjöldum af þessum fasteignum, er verið að liðka fyrir íþróttastarfsemi í landinu. Sveitarfélög sjá sér einnig hag í því, þar sem verkefni hjá þeim eru næg líka á öðrum sviðum.

Það segir ekkert um það í lögum nr. 4 frá 1995, að ípróttalög nr. 49/1956, sbr. l. 87/1989, 49. gr. segi til um hvort eitthvert hús sé ípróttahús eða ekki, enda get ég heldur ekki skýrt framangreind ípróttalög þannig, að þau útiloki ípróttahúsið að Stórhöfða 17 frá því að vera ípróttahús í merkingu 1. mgr. 5. gr. laga nr. 4 frá 1995.

Það, sem sker úr um það, að nefnt ípróttahús sé ípróttahús í merkingu laganna, er sú staðreynd, að eignarhlutinn var samþykktur sem ípróttahús af byggingarnefnd Reykjavíkur og í framhaldi af því af borgarstjórn Reykjavíkur, sbr. m.a. skj. nr. 4 og 8 hjá Ípróttabandalagi Reykjavíkur, sbr. skj. nr. 10 og 11. En það, sem þó er höfðuatriðið í málinu, er, að eignarhlutarnir eru eingöngu notaðir sem ípróttahús.”

Með bréfi til Borgarstjórans í Reykjavík, dags. 29. mars 1995 var óskað umsagnar borgaryfirvalda um framangreinda kæru. Umsögn borgarlögmans til Yfirfasteignamatsnefndar er dags. 24. apríl 1995, en þar segir m.a.:

“Ípróttahús eru meðal þeirra fasteigna sem undanþegnar eru fasteignaskatti og hefur svo verið um árabíl. Við skýringu á hugtakinu ípróttahús í skilningi tekjustofnalaganna skal m.a. bent á greinargerð með frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga frá árinu 1971, sem síðar varð að lögum nr. 8/1972. Í athugasemdum um 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um niðurfellingu fasteignaskatts segir m.a.: “Sumir eru þeirrar skoðunar, að undanþágur eigi engar að vera nema vegna erlendra sendiráða. Vissulega væri það til bóta, ef unnt væri að komast hjá þessum undanþágum. Á það ber hins vegar að líta, að þær stofnanir, (leturbr. H.B.K.) sem lagt er til að undanþegnar verði fasteignaskatti, eru í eðli sínu ekki vænlegir skattgreiðendur.”

Ípróttahús eru í skilningi tekjustofnalaganna því skilgreind sem stofnanir og við skýringu á stofnanahugtakinu er byggt á, að ípróttahús séu byggð af opinberum aðilum eða með fjárstyrk þeirra. Á grundvelli þessarar lögskýringar hafa ípróttahús skóla verið undanþegin fasteignaskatti og þau ípróttahús félagasamtaka, sem sveitarstjórn hefur veitt byggingarstyrki á grundvelli ípróttalaga nr. 49/1956, sbr. lög 87/1989. Þessi ípróttahús eiga það enn fremur sammerkt að njóta rekstrarstyrkja sveitarfélaga.”

Að fenginni umsögn borgarlögmanns voru sjónarmið kæranda áréttuð í bréfi lögmanns þeirra dags. 12. maí 1995.


Samkvæmt leigusamningi dags. 4. des. 1991 leigðu kærendur Veggsporti h.f., Seljavegi 2, Reykjavík húsnæðið sem kærán tekur til frá 1. janúar 1992 til 31. júlí 2002. Húsnæðið er sérstaklega innréttað fyrir skvassíþróttina.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. nr. 4/1995 er undanþáguákvæði sem skýra ber þröngt samkvæmt almennum lögskýringasjónarmiðum. Frá upphafi hafa íþróttahús verið undanþegin skyldu til greiðslu fasteignaskatts samkvæmt undanþáguákvæði í tekjustofnalögum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt, sem sett var með stoð í lögum nr. 8/1972, er það skilyrði sett fyrir undanþágu íþróttahúsa frá fasteignaskatti, að íþróttahús sé í eigu þess aðila eða stofnunar, sem starfsemina annast og að ekki sé um rekstur í ágóðaskyni að ræða. Reglugerð nr. 320/1972 hefur ekki verið felld úr gildi og ekki verður séð af greinargerðum með yngri tekjustofnalögum að ætlun hafi verið að rýmka skilyrði fyrir undanþágu íþróttahúsa. Ákvæði reglugerðarinnar verður því að telja í samræmi við rétta lögskýringu laga nr. 4/1995. Samkvæmt því brestur lagaskilyrði fyrir því að eignarhlutar kæranda í húseigninni Stórhöfða 17 séu undanþegnir fasteignaskatti.

ÚRSKURÐARORÐ

Skylt er að svara fasteignaskatti af eignarhlutum kæranda í húseigninni nr. 17 við Stórhöfða í Reykjavík.


Pétur Stefánsson


Guðný Björnsdóttir


Guðmundur Magnússon